

Reykjavík 22. des. 2006

**Efni: Ferli þingskjals nr. 494 á nýafstöðnu þingi. Endurskoðun tollalaga og reglugerða.**

Við hjá SVP – samtökum verslunar og þjónustu teljum ástæðu til að benda efnahags- og viðskiptanefnd á ferli tiltekins frumvarps sem fór í gegnum Alþingi og var samþykkt sem lög á yfirstandandi þingi. Ástæða þess að ferli frumvarpsins er rakið fyrir nefndinni er augljóslega sú að við teljum þessi vinnubrögð stórkostlega ámælisverð og því ástæða til að vekja athygli nefndarinnar á því.

Þann 30. nóv. síðastliðinn er lagt fram stjórnarfrumvarp til breytinga á tollalögum þskj. nr. 494. Laugardaginn 9. des., viku síðar, er þetta frumvarp samþykkt samhljóða á Alþingi Íslendinga sem lög nr. 703/2006.

Þegar grennslast er fyrir um feril málsins kemur í ljós að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis kallaði einn einstakling fyrir nefndina til að veita umsögn. Þessi einstaklingur heitir Lilja Sturludóttir lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu. Það vill svo til að Lilja Sturludóttir er sú sem hafði yfirumsjón með gerð frumvarpsins innan fjármálaráðuneytisins sem síðan var lagt fyrir Alþingi Íslendinga til samþykktar. Enginn annar fékk frumvarp þetta til umsagnar. Í gegnum Alþingi Íslendinga fóru sem sagt lög sem einn einstaklingur hefur aðkomu að frá gerð þess og þar til það er samþykkt sem lög án þess að nokkur annar hefði þar möguleika til andmæla. Þetta hljóta að teljast stórkostlega ámælisverð vinnubrögð sem vert er að vekja athygli á.

Með lögum nr. 88/2005 eru m.a. lagðar stórkostlegar álögur á “tollmiðlara” sem skilgreindir eru svo í lögum að frumkvæði annarra en greinarinnar sjálfar. M.a. er tollmiðlunum gert skylt að senda starfsmenn sína á námskeið í tollskóla ríkisins og fleiri hliðstæð dæmi mætti taka.

Á grundvelli þessara laga nr. 88/2005 fór fjármálaráðuneytið af stað í endurskoðun á reglugerðarumhverfinu sem byggir á þeim á þessu ári 2006. Hagsmunaaðilar atvinnulífsins fengu hvergi að koma að endurskoðun eða gerð reglugerðar sem byggð er á lögum. Tveir fulltrúar SVP fengu náðarsamlegast að hitta tvo lögfræðinga fjármálaráðuneytisins í nóvember á þessu ári þegar vinnunni var nánast lokið. Við fengum ekkert að taka með okkur af þessum fundi heldur var okkur einungis veitt áheyrn.

Á þessum fundi kom berlega í ljós það viðhorf að við gerð og endurskoðun tollalaga og reglugerða væri einungis ein hlið sem ráðuneytið þyrfti að taka tillit til þ.e. hlið tollstjórans í Reykjavík. Það fór ekkert á milli mála að starfsmenn ráðuneytisins telja hlutverk sitt fyrst og fremst vera að þjóna hagsmunum íslenska ríkisins með endurskoðun og gerð tollalaga og reglugerða. Vitnað var óspart í tollstjórnann í Reykjavík til stuðnings því sem borið var á borð.

SVP fengu drög að reglugerðinni um vörslu og tollmeðferð vöru til umsagnar með bréfi frá fjármálaráðuneyti 23. nóv. með frest til að skila umsögn til 7. des. Leitað var eftir fresti til 15. des. og var það samþykkt. Þegar verið var að vinna að umsögninni kom í ljós að breyting


hefði orðið á tollalögum á yfirstandandi þingi. Þegar farið var að kanna málið nánar kom í ljós sem fyrr segir, að sú eina sem Alþingi taldi ástæðu til að kalla til áheyrnar um breytinguna var sama manneskjan og hafði yfirumsjón með gerð tollalaga á síðasta ári og sú sama og hafði yfirumsjón með gerð reglugerðar sem byggð er á þeim lögum innan fjármálaráðuneytisins.

Með þeirri lagabreytingu sem samþykkt var sem lög á nýafstöðnu þingi nr. 703/2006 er skv. 6. gr. tollstjóranum í Reykjavík veitt heimild til að veita tollmiðlunum starfsleyfi í stað ráðherra áður.

Þetta getur virst saklaus breyting fyrir alþingismenn en fyrir atvinnugreinina er verið að tala um mikla hagsmuni. Með tollalögum nr. 88/2005 var búið til umhverfi þar sem tollstjórinn í Reykjavík hefur fyrirtæki sem starfa í inn- og útflutningi á Íslandi í hendi sér. Með reglugerðarákvæðum af því tagi sem tilgreint er hér er þessi forsjá tollstjórans í Reykjavík tryggð enn frekar. Það er augljóst hverjum þeim sem les lögin og reglugerðina hagsmunir hverra eru hafðir að leiðarljósi.

Í ljósi þessa er stórkostlega ámælisvert að Alþingi Íslendinga afgangi sem lög frumvarp þar sem hagsmunaaðilar fá hvergi nærri að koma heldur aðeins frumvarpsritarinn. SVP – samtök verslunar og þjónustu gera alvarlegar athugasemdir við þessa háttsemi. Það er sjálfsgöð krafa að þegar frumvörp er varða heilar atvinnugreinar eru lögð fyrir Alþingi, að hagsmunaaðilar í viðkomandi atvinnugrein hafi um þau umsagnarrétt. Lög eiga ekki að vera samín eingöngu til að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins.

Að síðustu skal þess getið að SVP sendu athugasemdir við þetta ferli til fjármálaráðuneytis og fylgir afrit af því þessu bréfi. Samtökin vonast eftir því að fá áheyrn ráðuneytisins varðandi frekari breytingar á tollalögum og vonast eftir góðu samstarfi við ráðuneyti og þing við þá vinnu.

Virðingarfyllst  
SVP – Samtök verslunar og þjónustu  
  
Signý Sigurðardóttir  
forstöðumaður flutningasviðs

Fjármálaráðherra  
Arni M. Mathiesen  
Fjármálaráðuneytinu  
Arnarhvoli v/Lindargötu  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. des. 2006

### **Efni: Drög að reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru**

Við þökkum móttækið bréf Fjármálaráðuneytisins dags. 23. nóv. sl. þar sem óskað er umsagnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu við reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru. Haft var samband við aðildarfélög flutningasviðs SVP og farið yfir drögin sameiginlega. Fyrirtækin sem komu að gerð athugasemdanna eru Eimskip/TVG, Samskip/Jónar, Transport ehf. og Íslandspóstur.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu fagna því sérstaklega að starfsumhverfið sé einfaldað með því að ein reglugerð sé sett saman úr 17 reglugerðum eins og hér virðist vera raunin. Á sama tíma harma þau að hafa hvergi fengið að koma að vinnslu reglugerðarinnar fyrir en vinnunni var nánast lokið. Það er lágmarkskrafa þegar laga- og reglugerðarumhverfi heillar atvinnugreinar er tekið til endurskoðunar eins og gert var með endurskoðun tollalaga á síðastliðnu ári og nú með endurskoðun reglugerðarumhverfis sem byggt er á sömu lögum, þá sé leitað til þeirrar starfsgreinar sem málið varðar á frumstigi og tryggt að hún fái að koma sinni hlið að við vinnsluna. Án þess er endurskoðunin einhliða og lagasetningin verður eftir því gölluð.

Laga- og reglugerðarumhverfi starfsgreinar eins og hér er um að ræða er gríðarlega mikilvægt og á því eru fleiri en ein hlið. Það er ástæða til að minna á að það er ekki eina hlutverk laga að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins, það er ekki síður hlutverk þeirra að tryggja hagsmuni þeirrar atvinnugreinar sem lagaumhverfið á við gagnvart ríkinu. Því miður virðist það viðhorf hafa verið ríkjandi af hálfu fjármálaráðuneytisins að við gerð tollalaga og þeirrar reglugerðar sem umsögn þessi á við, að ráðuneytinu hafi einungis borið skylda til að afla upplýsinga hjá tollstjóranum í Reykjavík. Textinn ber þess augljós merki auk þess sem það hefur beinlínis ítrekað komið fram. Slík vinnubrögð eru ámælisverð og þarfnast endurskoðunar. Skal í því sambandi bent á að á yfirstandandi þingi, nánar tiltekið 30 nóvember síðastliðinn var lagt fram frumvarp til breytinga á tollalögum nr. 88/2005. Viku síðar föstudaginn 8. desember síðastliðinn var þetta frumvarp orðið að samþykktum lögum nr. 703/2006. Frumvarpið til breytinga á tollalögum var lagt fram og samþykkt án aðkomu eða vitneskju atvinnugreinarinnar sem gert er að fara eftir þeim. Þetta er sérstaklega bagalegt í ljósi þess að fyrir liggur að innan greinarinnar er mikil þörf til að ná fram breytingum á umræddum tollalögum og eru mikil vonbrigði að gerðar hafi verið breytingar án þess að við höfum átt nokkurn möguleika á koma að okkar athugasemdum. Viljum við nota þetta tækifæri til að ítreka beiðni um að frekari leiðréttingar verði lagðar fram á tollalögum nr. 88/2005 og að við fáum tækifæri til að koma að þeim breytingum.

Verður að nota tækifærið hér og nefna dæmi um mjög svo ósanngjarna kröfu sem atvinnugreininni “tollmiðlun” sem raunar verður til með umræddum lögum er gert að hlíta skv lögnum og sem ástæða er til að endurskoða. Skv. 4. tl. 2. mgr. 48 gr. tollalaga er tollmiðlunum skylt að sækja sérstök námskeið hjá Tollskóla ríkisins “*til að öðlast fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara*” eins og segir m.a. í greininni. Tollstjórinn í Reykjavík hefur í samræmi við þetta ákvæði sent út bréf til allra tollmiðlana þar sem krafist er að allir starfsmenn viðkomandi miðlana séu sendir á uppsett námskeið stofnunarinnar sem kostar 80.000 krónur. Margir starfsmenn tollmiðlana eru sérfræðingar á sínu sviði og hafa verið í áraraddir. Að skylda slíkt fólk til að sækja námskeið fyrir 80.000 krónur þar sem þeir gætu í mörgum tilfellum sjálfir verið í hlutverki kennarans er dæmi um mistök við lagagerðina sem þarf að bæta úr. Þetta er einungis eitt dæmi um einhliða gerð tollalaga, en dæmin eru mörg.

Hér á eftir fara athugasemdir við drög að reglugerð um vörslu og tollmeðferð vöru.

#### **Athugasemdir við einstaka greinar:**

#### **3. gr. Afhending farmskjala og ábyrgð á þeim**

1. mgr. hér kemur fyrir hugtakið *farmflytjendur* sem kemur ítrekað fyrir síðar í reglugerðinni. Bent er á nauðsyn þess að hugtakið sé skilgreint að lögum og sérstaklega aðgreint frá hugtakinu *flutningsmiðlun* sem á sama hátt þarfnast skilgreiningar að lögum. Tæpt er á þessu hér þar sem hugtakið farmflytjandi kemur í fyrsta skipti fyrir og nauðsynlegt er að vekja athygli á þessu atriði en röksemdafærsla fyrir aðgreiningu þessara tveggja hugtaka farmflytjandi og flutningsmiðlun kemur fram í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

4. mgr. 3. gr. hljóðar svo: Þeim sem ber að afhenda farmskjöl skv. 1. mgr. (farmflytjendur skv. 1. mgr.) bera ábyrgð á að upplýsingar sem þar eru veittar séu réttar.

Farmflytjandi getur einungis borið ábyrgð á upplýsingar í farmskjölum séu réttar að svo miklu leyti sem það er á færi hans. Ábyrgð farmflytjanda á farmskjölum er sambærileg ábyrgð tollmiðlara skv. 33. gr. tollalaga og innflytjanda skv. 1. mgr. 32. gr. sömu laga. Því er gerð tillaga að eftirfarandi breytingu á 4. mgr. 3. gr.:

“Þeim sem ber að afhenda farmskjöl skv. 1. mgr. bera ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi þeir vitað eða mátt vita að upplýsingar væru rangar eða ófullnægjandi”.

#### **4. gr. Sendingarnúmer**

6. tl. Reglan eins og hún er sett fram í reglugerðinni er röng og byggir á úreltu kerfi. Ekki lengur um að ræða innfærslubók í flugfrakt eins og getið er um heldur eru síðustu fjórir stafir í sendingarnúmeri í hlaupandi röð.

3. mgr. Reglan er röng – ekki í samræmi við praxis. Sendingarnúmer skipafélaganna eru ekki í óslitinni töluröð miðað við hvern hleðslustað og vísast þar til mismunandi tegunda farmbréfa.

Hér er velt upp þeirri hugmynd hvort að nákvæmni sú sem tilgreind er í 4. gr. um sendingarnúmer sé yfirhöfuð nauðsynleg. Hvort ekki megi sleppa svo nákvæmri lýsingu eins og raunin er?

4. mgr. Skv. þessari mgr. er tollstjóranum í Reykjavík falið vald til að setja reglur um sérstaka samsetningu farmskrár en ekki verður séð að lagaheimild sé fyrir slíku framsali ráðherra sbr. 3. mgr. 58. gr. tollalaga því er lagt til að þessi mgr. verði felld út.

#### **5. og 6. gr. Farmskrá og heildarfarmskrá**

Hér er vísað í sama atriði og hér að ofan þ.e. að skv. 3. mgr. 5 gr. og 2. mgr. 6. gr. er tollstjóranum í Reykjavík veitt heimild til að setja nánari reglur um þær upplýsingar sem koma eiga fram í farmskrá og heildarfarmskrá. Ekki verður séð að lagaheimild sé fyrir slíku framsamli sbr. 3. mgr. 58. gr. tollalaga því er lagt til að viðkomandi mgr. verði felldar út. Lagt er til að ítarleg upptalning 5. og 6. gr. um hvað skuli koma fram í farmskrá skuli teljast tæmandi talin og ekki ástæða til að framselja heimildir um frekari kröfur á því sviði.

#### **9. og 10. gr. Uppskiptingar almennra vörusendinga / safnsendinga**

Skv. þessum greinum er *farmflytjendum* heimilt að skipta upp vörusendingum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hér kemur í ljós nauðsyn þess að aðgreina skilgreiningu þessara hugtaka *farmflytjandi* annars vegar og *flutningsmiðlun* hins vegar eins og nefnt var í upphafi þessarar umsagnar. Almennur skilningur á farmflytjanda er sá aðili sem flytur vöruna yfir hafið þ.e. flugfélag eða skipafélag. Flutningsmiðlun er kaupandi að þjónustu farmflytjanda, þ.e. greiðir farmflytjanda fyrir flutning á sendingum eftir stærð þeirra og þyngd.

Starfssvið flutningsmiðlana gengur út á að skipta upp sendingum, það er grunnur að þeirra starfsemi. Því er orðalag 9. og 10. gr. og fleiri sem á eftir koma beinlínis villandi þar sem einungis er vísað í farmflytjanda en aldrei minnst á flutningsmiðlun. Flutningsmiðlun ætti t.d. ekki að eiga það undir farmflytjanda að fá skipt upp sendingu en það má skilja 9. og 10. gr. á þann veg. Það er ekki heldur rétt að líta svo á að flutningsmiðlun falli undir hugtakið farmflytjandi því starfssvið þessara tveggja greina er ekki það sama. Ákvæði 10. gr. um uppskiptingar safnsendinga á því ekki að eiga við um farmflytjendur einungis flutningsmiðlanir.

Þá er í a-lið 1. mgr. 9. gr. gert ráð fyrir að fyrir liggi sjálfstæður vörureikningur og flutningsgjaldareikningur að baki hverju farmbréfi. Skv. því þarf innflytjandi að hafa sérstakan vörureikning fyrir þeim vörum sem fluttar eru inn á upphaflegu farmbréfi og hann vill skipta á fleiri farmbréf. Dæmi; 10 bifreiðar eru fluttar inn á einu farmbréfi og einn vörureikningur er gefinn út fyrir þeim. Miðað við þetta ákvæði er ekki hægt að skipa slíkri sendingu á fleiri farmbréf. Það gengur ekki í framkvæmd. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að afrit af reikningi þar sem merkt er við vöruna dugi til.

#### **11. gr. Aðrar breytingar á farmskjölum**

2. mgr. Skv. þessari mgr. er gert ráð fyrir að beiðni um breytingar eða leiðréttingar skuli settar fram með *rafrænum hætti*. Hvað felur það í sér? Bent skal á að í dag eru slíkar leiðréttingar sendar með tölvupósti, faxi eða öðrum hliðstæðum hætti.

#### **12. gr. Tegundir geymslusvæða og meginéinkenni.**

Í 1. tl. 1. mgr. er allt í einu talað um tollmiðlara, skipa- og flugfélög. Hér væri nær að tala um flutningsmiðlanir og farmflytjendur. Tollmiðlari og flutningsmiðlari eru ekki það sama frekar en farmflytjandi og flutningsmiðlari. Aftur og aftur kallar þessi reglugerð á skilgreiningu þessara hugtaka.

#### **14. gr. Umsóknir um leyfi, atriði sem þar skal greina og fylgigögn**

Í 1. mgr. 1. tl. og 2. mgr. 3. tl. er vísað til *daglegs stjórnanda*. Hér fer betur á þrengri skilgreiningu og þess að vísa til framkvæmdastjóra félagsins enda væntanlega átt við hann. Sama breyting verði gerð á orðalagi annarra greina þessarar reglugerðar þar sem við á.

Í 1. tl. 2. mgr. er farið fram á *ítarlega lýsingu* á fyrirhugaðri starfsemi, starfsskipulagi o.s.frv.. Lagt er til að orðið *ítarlegt* verði fellt út enda óþarft.

#### **15. gr. Skráning**

Í 3. mgr. segir “Tollstjórinn í Reykjavík getur sett nánari fyrirmæli um skráningu samkvæmt þessari grein.” Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt út enda ekki að finna heimild fyrir því í tollalögum.

#### **17. gr. Birgðabókhald**

Í 1. mgr. er talað um útstöðvar. Lagt er til að það verði fellt út enda ofaukið. Nægilegt að fram komi hver skráir færslu og hvenær.

#### **18. gr. Trygging**

2. mgr. 18. gr. hljóðar svo:

Trygging má vera í formi ábyrgðar viðskipta eða sparisjóðs eða ábyrgðartryggingar váttryggingarfélags. Í ábyrgðar- eða tryggingaskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki skilyrðislaust ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af því að vara fær ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt og muni greiða að kröfu tollstjóra þá fjárhæð sem vangreidd er ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Með vísan til 32. gr. tollalaga er, skv. reglugerðinni, sá sem ábyrgist tryggingar félagsins að ábyrgjast meira en viðkomandi leyfishafi ber ábyrgð á lögum samkvæmt. Þess er farið á leit að vísað verði til lagatextans eða að orðið skilyrðislaust verði tekið úr textanum og textanum breytt.

Tillaga:

*“Trygging má vera í formi ábyrgðar viðskipta eða sparisjóðs eða ábyrgðartryggingar váttryggingarfélags. Í ábyrgðar- eða tryggingaskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leyfishafa er skylt að greiða, samkvæmt ákvæðum tollalaga, fái vara ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt og muni greiða að kröfu tollstjóra þá fjárhæð sem vangreidd er ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.”*

## **19. gr. Innra eftirlit**

Lagt er til að 19. gr. verði alfarið felld brott. Eftirlit með starfsemi félaganna er eðli málsins samkvæmt í höndum stjórnar sem ber ábyrgð á starfseminni lögum samkvæmt.

## **20. gr. Veiting starfsleyfis til tollmiðlunar**

Lagt er til að þessi gr. verði felld út enda ekki að sjá að hún eigi sér lagastoð sbr. 48. gr. tollalaga nr. 88/2005 þar sem skilyrði til veitingar starfsleyfis tollmiðlara hljóta að teljast tæmandi talin.

## **21. gr. Tryggingar vegna hraðsendinga**

Í 2. mgr. 21. gr. er sambærilegt ákvæði við 2. mgr. 18. gr. varðandi skilyrðislausu ábyrgð. Er þannig lagt til að 2. mgr. 18. gr. hljóði svo:

*“Trygging skv. 1. mgr. má vera í form ábyrgðar viðskipta eða sparisjóðs eða ábyrgðartryggingar vátryggingarfélags. Í ábyrgðar- eða tryggingaskilmálum skal vera yfirlýsing um að ábyrgðar- eða tryggingaraðili taki ábyrgð á greiðslu tiltekinnar fjárhæðar aðflutningsgjalda, sbr. 1. mgr. ásamt dráttarvöxtum og öðrum kostnaði sem leyfishafa er skylt að greiða, samkvæmt ákvæðum tollalaga, fái vara ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt.”*

## **24. gr. Inntak tollafgreiðslu o.fl.**

Skv. 4. mgr. er gert að skilyrði tollafgreiðslu að vara hafi tekið höfn. Lagt er til að viðkomandi ákvæði verði felld út enda mörg dæmi um það í praxis að vörusendingar séu tollafgreiddar áður en för taka höfn og ekkert við það að athuga svo fremi sem fullnægjandi farmskrá fyrir farið liggi fyrir.

## **29. gr. Vörureikningur og innleggsreikningur**

Lagt er til að 4., 7. og 8. tl. 1. mgr. verði endurskoðaðir með hliðsjón af raunveruleikanum enda ljóst að meirihluti vörureikninga uppfyllir ekki svo ströng skilyrði.

## **31. og 32. gr.**

Bent er á þær kröfur sem gerðar eru til tollmiðlara og þess farið á leit að samræmis sé gætt. Engar kröfur eru gerðar til þeirra sem hafa heimild til vef-tollafgreiðslu skv. þessum greinum. Lagt er til að heimild til vef-tollafgreiðslu verði felld út.

## **36. gr. Skráning upplýsinga um póstsendingar**

Lagt er til að “tegund” í 1. mgr. verði tekið út enda óþarft.

Í 2. mgr. segir “Tollstjórinn í Reykjavík setur nánari fyrirmæli um skráningu upplýsinga skv. 1. mgr og skil póstrekanda á upplýsingum til tolyfirvalda. Hann getur m.a. gefið fyrirmæli um að upplýsingar um önnur atriði en þau sem um getur í 1. mgr skulu færðar í tölvukerfið enda séu þær nauðsynlegar vegna álagningar og innheimtu aðflutningsgjalda og tollframkvæmdarinnar að öðru leyti.” Lagt er til að þetta ákvæði verði felld út enda ekki að finna heimild fyrir því í tollalögum nr. 88/2005.

### **37. gr. Flokkun póstsendinga til tollmeðferðar**

Lagt er til að orðalagi greinarinnar verði breytt sem hér segir:

Taka skal til tollmeðferðar sem hér segir:

1. Póstsendingar sem koma erlendis frá og ætla má að hafi að geyma vörur sem ber að greiða af aðflutningsgjöld, vörur sem háðar eru sérstökum innflutningstakmörkunum eða vörur sem háðar eru innflutningsbanni.

2. Póstsendingar sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum og hafa að geyma vörur sem fluttar eru út í atvinnuskyni.

Tollstjóri ákveður hvernig staðið skuli að flokkun póstsendinga til tollmeðferðar skv.1 mgr.

### **38. gr. Smásendingar**

Í 3. mgr segir að vörur í smásendingum megi flokka saman í tollskrárnúmer samkvæmt nánari ákvörðun tollstjórans í Reykjavík. Lagt er til að þetta ákvæði verði felld út enda ekki heimild fyrir því í tollalögum nr. 88/2005.

### **42. gr. Skráning upplýsinga um hraðsendingar**

Lagt er til að 2. mgr. verði felld út enda ekki að sjá að hún eigi sér stoð í tollalögum nr. 88/2005.

### **48. gr. Sérákvæði um einfaldaðar aðflutningsskýrslur**

Vísað er til upptalningar í töluliðum a – i í 1. mgr. og bent á að svo virðist sem einhver heimildaákvæði hafi dottið út. Á baksíðu E-8 eyðublaðs tollstjóraembættisins eru talin upp 20 heimildaákvæði þar sem nýta má einfaldaðar tollskýrslur en skv. þessum drögum að reglugerð eru heimildaákvæðin einungis 9. Eftirfarandi heimildaákvæði virðast hafa dottið út og er óskað eftir að þau verði sett inn aftur, ákvæðin sem um ræðir eru:

- Vörur sem forseti Íslands og maki hans flytja inn til eigin nota eða honum eru sendar að gjöf og fallið geta undir undanþáguheimild .....
- Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis og undanþeginn er gjöldum samkvæmt .....
- Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollfyrivalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan og aðflutningsgjöld hafa ekki verið endurgreidd af við útflutning sbr. ....
- Endursendar tómar umbúðir, þ.m.t. gámar (m.a. svonefndir hringferðagámar farmflytjenda) og fiskikassar, enda séu að mati tollstjóra færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan....
- Búnaður vísindaleiðangra og könnunar og rannsóknarleiðangra erlendra aðila að uppfylltum ákvæðum gildandi auglýsingar, sbr.....
- Vörusending sem eyðilögð er í heild sinni undir tolleftirliti samkvæmt.....
- Verðlaus sýnishorn samkvæmt....
- Dagskrárgerðarefni sem útvarps- og sjónvarsstöðvum er sent erlendis frá.
- Vörur á svonefndum memo-farmskrám farmflytjenda sem ekki komu með flutningsfari samkvæmt upphaflegri farmskrá en aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, sbr.... tilgreina skal upphaflegt sendingarnúmer í reit 8 á eyðublaðinu.



- Póstsendingar til aðila sem hafa leyfi til póstflutninga, sbr. lög nr.
- Bifreiðar á íslenskum skrásetningarnúmerum sem viðkomandi hefur tekið með sér erlendis og er að flytja aftur til landsins.

#### **50. gr. Umflutningstilkynningar**

Lagt er til að 2. mgr. verði felld út enda ekki að sjá að hún eigi sér stoð í tollalögum nr. 88/2005.

#### **51. gr. Yfirfærsla ábyrgðar vörsluhafa**

Hér er einungis vísað til farmflytjanda en þyrfti að vera vísað til farmflytjanda og/eða flutningsmiðlara og það hugtak skilgreint sem fyrr er getið.

#### **58. gr. Tollverð vöru þegar viðskiptaverð verður ekki lagt til grundvallar**

Í 1. mgr. kemur fram að sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 2. gr. skuli tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.

Í þessa grein vantar að um sé að ræða sama viðskiptaland þar sem viðskiptaverð sambærilegra vara er mjög mismunandi á milli landa. Lagt er til að greinin hljóði með eftirfarandi hætti:

*“Sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 2. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara, frá sama viðskiptalandi, sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.”*

#### **59. gr.**

Sömu athugasemdir eiga við varðandi 58. gr. og 59. gr. þ.e. að eðlilegt sé að miðað sé við vöru frá því landi sem viðskiptin áttu sér stað. Óeðlilegt væri t.d. að miða við verð sambærilegrar vöru frá Bretlandi ef ljóst er að varan kemur frá t.d. Kína.

Lagt er til að greinin hljóði með eftirfarandi hætti:

*“Verði tollverð vöru hvorki ákvarðað skv. 2. né 10. gr. skal það vera viðskiptaverð svipaðrar vara, frá sama viðskiptalandi, sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.”*

#### **72. gr. Tollafgreiðslugengi**

Hér skortir reglur um gjaldmiðla sem hvorki eru skráðir hjá Seðlabanka né hjá tolli. Hvernig skal t.d. fara með reikning þar sem gjaldmiðillinn er Saudi Arabia Riyals SAR? Lagt er til að settar verði reglur um hvernig unnið skuli með slíka gjaldmiðla.

**Það sem m.a. ekki er tekið á í reglugerðinni:**

**Meðferð vöru sem ekki hefur verið tollafgreidd innan lögbundins frests**

Við teljum að setja verði reglur um meðferð vara sem liggja ótollafgreiddar í geymslum og ekki hafa verið tollafgreiddar innan lögbundins frests. Eins og fram kemur í 128. gr. tollalaga eru aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, tryggð með lögveði í vörunni. Jafnframt er tollstjóra heimilt að krefjast nauðungarsölu á uppboði til lúkningar á gjaldföllum aðflutningsgjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Slík uppboð hafa ekki farið fram í mörg ár og hafa vörur af þeim sökum verið geymdar hjá geymsluleyfishöfum á þeirra ábyrgð og kostnað. Er slíkt auðvitað óviðunandi. Af þeim sökum leggjum við til að sú skylda verði lögð á tollstjóra að halda uppboð a.m.k. einu sinni á ári eða að önnur leið verði fundin svo hægt sé að losa þessar vörur út úr geymslum.

-----

Að síðustu óskum við eftir fundi með ráðuneytinu áður en gengið verður endanlega frá reglugerðinni til að hægt sé að fara yfir þessar athugasemdir málefnalega.

Virðingarfyllt  
SVP – Samtök verslunar og þjónustu

\_\_\_\_\_  
Signý Sigurðardóttir forstöðumaður flutningasviðs

Afrit: Vala Rebekka Þorsteinsdóttir  
Ingvi Már Pálsson  
Lilja Sturludóttir